

**ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS HALDINN FIMMTUDAGINN
23. MAÍ 2024 KL. 17:15 Í HÖFUÐSTÖÐVUM ARION BANKA,
BORGARTÚNI 19, 105 REYKJAVÍK.**



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Ásdís Eva Hannesdóttir stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:15 og bauð sjóðfélaga velkomna. Hún lagði til að Gestur Jónsson hrl. yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Gestur tók við fundarstjórn.

Fundarstjóri vakti athygli á að fundinum væri streymt og yrði tekinn upp. Hann lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir, starfsmaður Arion banka, yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði samþykka sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bærán að afgreiða dagskrárefni. Bent var á að öll fundargögn væru á vefsíðu sjóðsins.

Fundarstjóri tók fram að kosning um samþykktabreytingar og stjórnarlaun færi fram rafrænt undir viðkomandi dagskrárliðum og gætu sjóðfélagar sem fylgjast með fundinum í gegnum streymi tekið þátt í atkvæðagreiðslu.

Fundarstjóri upplýsti að stjórn hefði leitað til KPMG um eftirlit með framkvæmd rafrænu kosningarinnar. Til þess valdist Ingvar Ágúst Ingvarsson, endurskoðandi.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Kynning á niðurstöðu rafrænna stjórnarkosninga
4. Tryggingafræðileg athugun
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Ásdís Eva Hannesdóttir, stjórnarformaður Frjálsa, tók til máls og gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um rekstur, starfsemi og hag sjóðsins á síðastliðnu starfsári. Ásdís bauð fundargesti velkomna í ávarpi sínu fór hún yfir skýrslu stjórnar, [sjá ávarp stjórnarformanns um skýrslu stjórnar](#).

2. Kynning ársreiknings

Arnaldur Loftsson framkvæmdastjóri Frjálsa og Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka, kynntu ársreikning Frjálsa 2023. [Sjá ársreikning 2023 og glærur](#) sem þeir studdust við í kynningum sínum.

Arnaldur vakti fyrst athygli sjóðfélaga á rafrænum leiðum Frjálsa í appi Arion banka, hann benti á að sjóðfélagar Frjálsa þurfa ekki að vera í viðskiptum við Arion banka til að geta notað appið.

Arnaldur fór m.a. yfir breytingu á hreinni eign 2023 og bar saman við hreina eign 2022, stærðarþróun Frjálsa síðustu 23 árin, skiptingu iðgjalda, skyldu- og viðbótariðgjöld sem og skiptingu á séreign og samtryggingu. Arnaldur fór jafnframt yfir sundurliðun á kostnaði, rekstrarkostnaði og beinum fjárfestingargjöldum, veltutölur frá árinu 2023 og kynnti tryggingafræðilega stöðu og þróun á hreinni eign það sem af var árinu 2024.

Arnaldur fór yfir þróun lífeyris og kostnaðarhlutföllin hjá sjóðnum.

Arnaldur þakkaði stjórn og starfsmönnum Arion banka samstarfið.

Hjörleifur Arnar Waagfjörð fór yfir síðari hluta ársreiknings, ávöxtun og eignasamsetningu sjóðsins. Hjörleifur fór yfir þróun markaða 2023 í samanburði við 2022, ávöxtun fjárfestingaleiðanna á árinu, helstu eignaflokka og áhrif þeirra til ávöxtunar sjóðsins, sundurliðun innlendra skulda- og hlutabréfa, sérhæfðar innlendar og erlendar fjárfestingar sem og sundurliðun erlendra verðbréfa.

Að þessu loknu gaf fundarstjóri orðið laust.

Hannes Valgeirsson: Hannes lýsti þeirri skoðun sinni að hlutfall eigna sjóðsins í bönkum, tryggingafélögum og fasteignafélögum væri hátt í samanburði við félög eins og Alvotec, Ölgerðin, Marel og önnur framleiðslufyrirtæki – .

Hjörleifur: Hjörleifur nefndi að oft væri staðan sú að stærsta eign í innlendum hlutabréfamarkaði væri í stærstu félögunum. Frjálsi hefði átt töluvert í Marel á þessum tíma, ekkert í Alvotech, en nokkra stöðu í Ölgerðinni sem væri lítið félag. Hjörleifur upplýsti að frá þessum tíma hefði Frjálsi keypt verulega stöðu í Alvotech en skoðun eignastýringar var sú að nauðsynlegt væri fyrir fjárfestingu að markaðsleyfi félagsins væri í höfn.

3. Kynning á niðurstöðu rafrænna stjórnarkosninga

Fundarstjóri upplýsti að

Samkvæmt samþykktum Frjálsa skal stjórn sjóðsins skipuð sjö sjóðfélögum og þremur til vara, kosnum af sjóðfélögum. Stjórnarmenn eru kosnir til þriggja ára í senn.

Fjögur framboð bárust í tvö laus sæti í aðalstjórn. Laust er sæti eins frambjóðanda af hvoru kyni eða tveggja kvenna.

Þrjú framboð bárust í eitt laust sæti í varastjórn.

Niðurstaða aðalstjórn:

Ásdís Eva Hannesdóttir	11.781.732.136	43,34%
Magnús Pálmi Skúlason	10.661.346.013	39,22%
Kristjana Kjartansdóttir	2.552.261.318	9,39%
Indriði Ingi Stefánsson	1.982.560.965	7,29%
Tóku ekki afstöðu	206.139.325	0,76%

Samtals **26.977.900.432** **100 %**

Ásdís Eva Hannesdóttir og Magnús Pálmi Skúlason eru því réttkjörin í stjórn til næstu þriggja ára.

Niðurstaða varastjórn:

Sigurður H. Ingimarsson	9.991.572.446	68,73%
Kristjana Kjartansdóttir	2.210.899.926	15,21%
Indriði Ingi Stefánsson	1.291.820.511	8,89%
Tek ekki afstöðu	1.042.526.864	7,17%
Samtals	13.494.292.883	100 %

Sigurður H. Ingimarsson er því réttkjörinn í varastjórn til næstu þriggja ára.

4. Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson fór yfir tryggingafræðilega stöðu Frjálsa lífeyrissjóðsins í lok árs 2023. Hann upplýsti um að forsendurnar væru þær sömu og í fyrra. Þann 1. janúar 2023 tóku gildi breytingar á samþykktum sjóðsins sem fólu í sér breytingar á réttindaöflun tekur mið af fæðingarári sjóðfélaga auk aldurs og fjárhæð iðgjalds. Þeim réttindum sem sjóðfélagar höfðu áunnið sér var ekki breytt. Hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum er lægri örorkutíðni en er að meðaltali, 66% af meðaltali fyrir konur og 59% af meðaltali fyrir karla. Lífslíkur þeirra sem verða fyrir orkutapi eru minni en lífslíkur annarra, svo af þessu leiðir einnig að meðalævi sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins reiknast lengri en er að meðaltali hjá lífeyrissjóðum.

Niðurstaða tryggingafræðilegs mats í lok árs 2023 var að áfallin staða er nú -4,4%, framtíðarstaðan er jákvæð um 1,5% og er heildarstaðan -3,5%. Heildarstaðan er því innan ramma laganna og liggja því engar kvaðir á sjóðnum að breyta samþykktunum. Halli á áfallinni stöðu minnkar aðeins á milli ára, staða á réttindaöflun er í góðu jafnvægi miðað við þær forsendur sem reiknað er eftir. Sjóðurinn er ungur, sem veitir nokkra vernd gegn sveiflum í ávöxtun.

Að þessu loknu gaf fundarstjóri orðið laust og óskaði enginn eftir að taka til máls.

5. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2024. Sjá [Fjárfestingarstefnu Frjálsa 2024](#) og [glærurnar](#) sem Hjörleifur studdist við í kynningu sinni.

Fundarstjóri gaf orðið laust, engar spurningar

6. Kjör endurskoðanda

Stjórn lagði til að KPMG verði áfram endurskoðandi sjóðsins. Engar aðrar tillögur bárust en þær þurfa að berast með sjö daga fyrirvara. KPMG var því sjálfkjörið.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Fundarstjóri kynnti næsta dagskrárlið, tillögur um breytingar á samþykktum. Hann upplýsti fundinn um að fyrst myndi Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir lögfræðingur og ritari stjórnar sjóðsins kynna tillögur um samþykktabreytingar og greidd yrðu svo atkvæði um þær.

Um var að ræða tvær tillögur um breytingar á samþykktum á greinum númer 16.2 og 22.1.

Kristín Ragnheiður kynnti breytingartillögur stjórnar og fór yfir rökstuðning fyrir þeim. Tillögurnar höfðu áður verið birtar á heimasíðu sjóðsins fyrir fundinn.

Kristín Ragnheiður kynnti breytingartillögurnar í eftirfarandi röð:

Breyting á gr. 16.2

Tryggingardeildaratkvæði

Lífeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftir á. Ellilífeyrir greiðist fyrir heila mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum og greiðist ekki aftur í tímann. Þó er heimilt að greiða ellilífeyri fyrir sama mánuð og umsókn berst sjóðnum. Síðasta greiðsla ellilífeyris, örorku-, maka- og barnalífeyris er greidd fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Þegar hámarksaldri er náð skv. gr. 10.2. skal sjóðurinn hefja greiðslu ellilífeyris vegna næsta mánaðar þar á eftir, enda hafi sjóðurinn nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Aldrei skal sjóðnum skylt að úrskurða örorku-, maka- og barnalífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár sem reiknast frá byrjum mánaðar er umsókn berst sjóðnum. Nemi áunnin réttindi til lífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins. Upphæðin uppfærast mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 230. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en 500.000 kr. er sjóðfélaga heimild að fá hana greidda út í heilu lagi. Upphæðin uppfærast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Rökstuðningur: Lagt er til að tvær breytingar verði gerðar á gr. 16.2. Annars vegar er lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt þannig að skýrt sé að sjóðurinn greiði ellilífeyri eingöngu fyrir heila mánuði. Hins vegar er lagt til að skýrt sé að greitt sé fyrir heila mánuði þann mánuð sem sótt er um lífeyri og þann mánuð sem lífeyrir fellur úr gildi.

Breyting á gr. 22.1

Heildaratkvæði

Samþykktir þessar gilda frá 1. júlí 1999 með síðari breytingum, nú síðast í maí 2023 sbr. samþykki ársfundar 31. maí 2023. Breytingarnar öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Stjórn sjóðsins hefur þó heimild til að ákveða aðra dagsetningu og skal hún tilkynnt á ársfundi sjóðsins.

Rökstuðningur: Lagt er til að bætt verði við að stjórn verði heimilt að ákveða aðra dagsetningu á gildistöku samþykpta eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins og ef stjórn ætli að nýta sér slíka heimild þá verði tilkynnt um hana fyrirfram á ársfundi. Stjórn kann að þurfa nýta sér þessa heimild ef samþykktabreytingar kalla á mikla þróunarvinnu á kerfum sjóðsins sem taki lengri tíma en að fá staðfestingu frá ráðuneytinu.

Fundarstjóri kynnti í kjölfarið tilhögun atkvæðagreiðslu sem færi fram með rafrænum hætti. Bæði sjóðfélagar á fundarstað og þeir sem fylgdust með í gegnum streymi gætu greitt atkvæði um

tillögurnar með rafrænum hætti í gegnum hlekk sem var aðgengilegur sjóðfélögum með QR kóða á fundinum og á hlekk á vef Frjálsa.

Tillögurnar voru bornar upp til rafrænnar atkvæðigreiðslu og voru niðurstöðurnar eftirfarandi :

Breytingartillaga 1 – grein 16.2 um viðmiðunaráldur:

Já	1.047.462.464	100,0%
Nei		0,00%
Tek ekki afstöðu		0,00%
Samtals	1.047.462.464	100,0%

Breytingartillaga 2 - grein 22.1 um upplýsingagjöf til sjóðfélaga:

Já	4.530.481.541	100,0%
Nei	0	0,00%
Tek ekki afstöðu	0	0,00%
Samtals	4.530.481.541	100,0%

Sjá hér breytingartillögurnar og rökstuðninginn með þeim sem áður voru birtar á heimasíðu sjóðsins. [Sjá hér einnig kynningu um breytingartillögu stjórnar](#) sem kynnt var á ársfundi sjóðsins.

Að kynningu lokinni gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn tók til máls.

8. Laun stjórnarmanna

Fundarstjóri kynnti tillögu um stjórnarlaun:

Stjórnarlaun aðalmanna

Lagt er til að stjórnarlaun aðalmanna verði 282.500 kr. á mánuði, laun stjórnarformanns verði tvöföld laun aðalmanna og laun varastjórnarformanns ein og hálf laun aðalmanna. Hækkunin er í samræmi við hækkun á launavísitölu sl. 12 mánuði, 3,1%.

Auk þess er lagt til óbreytt fyrirkomulag þess efnis að ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanns, fyrir hvern setinn aukafund sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundi skv. starfsáætlun stjórnar.

Ekki er greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.

Stjórnarlaun varamanna

Lagt er til að stjórnarlaun varamanna verði helmingur af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna fyrir hvern setinn fund.

Árslaun varamanna skulu vera að lágmarki ein og hálf mánaðarlaun stjórnarmanns.

Í máli fundarstjóra kom fram að tillagan fæli í sér 3,10% hækkun sem væri innan hækkana sem hefði verið samið um í nýgerðum kjarasamningum. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að tjá sig um tillöguna og óskaði enginn eftir að taka til máls.

Já	4.111.530.973	96,79%
Nei	78.070.406	1,84%
Tek ekki afstöðu	58.362.484	1,37%
Samtals	4.247.963.863	100 %

Tillagan um laun aðal- og varamanna var samþykkt.

9. Önnur mál

Fundarstjóri bauð fundargestum að tjá sig um önnur mál. Enginn óskaði þess. Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara og boðaði að fundargerðin yrði sjóðfélögum aðgengileg á vefsíðu sjóðsins. Fundarstjóri þakkaði framsögumönnum fyrir þeirra framlag til fundarins og fundarmönnum samstarf við fundarstjóra um afgreiðslu dagskrármála.

Fundarstjóri gaf formanni stjórnar orðið og sleit hún fundi kl. 19:06

Gestur Jónsson
Fundarstjóri

Unnur Elín Jónsdóttir
Fundarritari